

Notkunarleiðbeiningar

Práðlaus stýrimótor
1187 00

GIRA

Efnisyfirlit

Um þessar leiðbeiningar	2
Lýsing á búnaði	3
Uppsetning	3
Búnaðurinn tekinn niður	3
Spennugjafi	4
Rafhlöður settar í	4
Viðbrögð ef rafhlöðuspenna minnkar	4
Þráðlaus tenging stýrimótorsins	5
Þráðlausri tengingu eytt	6
Sýnt hversu mikið lokinn er opinn	6
Raungildi jafnað út	6
Tenging fjarhitanema	6
Stýringu lokunarafls breytt	7
Aðlögun hitastigs	7
Aðlögun hitastigs sýnd	7
Aðlögun hitastigs stillt	7
Greiningaraðgerð	8
Loftnetið leitt út	8
Upplýsingar um þráðlausa notkun	9
Þráðlausar sendingar	9
Tæknilýsing	9
Ábyrgð	10

Um þessar leiðbeiningar

Í þessum leiðbeiningum koma fyrir eftirfarandi tákn og merkingar:

1. Leiðbeiningar um aðgerðir eru í númeraröð.
 - 3 Niðurstöður aðgerða eru auðkenndar með þessu haki.
- Upptalningar eru auðkenndar með þessum punkti.



Athugið!

Ábendingar um hagkvæma notkun þráðlausa hitaskynjarans eru auðkenndar með þessu tákn.




Athugið

Ábendingar um atriði sem valdið geta slysum eða skemmdum á búnaðinum eru auðkenndar með þessu tákn.

Lýsing á búnaði

Þráðlaus stýrimótorinn er fjarstýrður stýrimótor til þess að stjórna hitastillilokum í herbergjum þar sem er gólfhiti, geislahiti eða venjulegir ofnar. Þráðlaus stýrimótorinn gengur fyrir rafhlöðum og er stjórnað af þráðlausa hitaskynjaranum eða þráðlausu stjórnstöðinni.

Hægt er að breyta óskhitastiginu eftir þörfum með hnöppunum.




- 1 Hitaskynjari til þess að greina raunhitastig
- 2 Ljósdióður, m.a. fyrir óskhitastig og stöðu lokans
- 3 Blár hnappur, m.a. til þess að lækka hitastigið
- 4 Rauður hnappur, m.a. til þess að hækka hitastigið
- 5 Lok


Uppsetning

Þráðlaus stýrimótorinn er settur upp með eftirfarandi hætti:

1. Fjarlægð vélræna hitastillinn sem fyrir er.
2. Skrufið meðfylgjandi tengihring á hitastillilokann og herðið með handafli.




3. Færið þráðlausa stýrimótorinn í lóðrétta stöðu.
4. Ýtið þráðlausa stýrimótornum upp á tengihringinn þannig að hann smelli í.
5. Að því loknu skal setja rafhlöðurnar í og koma á tengingu milli viðkomandi sendis og þráðlausa stýrimótorsins.



Búnaðurinn tekinn niður

Þráðlaus stýrimótorinn er tekinn niður með eftirfarandi hætti:

1. Takið neðra lok þráðlausa stýrimótorsins úr lás með meðfylgjandi lykli og setjið lokið svo upp.
2. Ýtið rauða arminum til vinstri.
3. Dragið þráðlausa stýrimótorinn um leið af tengihringnum.



Spennugjafi

Þráðlaus stýrimótorinn fær spennu úr tveimur Alkaline-raflöðum (af gerðinni Mignon, AA, LR6, 1,5 V, 2600 mAh).

Raflöður settar í




Gætið þess að víxla ekki skautum rafhlaðanna!

Þegar raflöðurnar eru settar í skal gæta þess að skaut þeirra séu í samræmi við merkinguna á lokinu. Ef raflöðurnar eru settar ófugt í getur það valdið skemmdum á búnaðinum.

Notið eingöngu Alkaline-raflöður (af gerðinni Mignon, AA, LR6, 1,5 V). Notið ekki hleðslubatterí, þar sem þau afhlaðast fyrr en raflöður.

1. Takið neðra lokið úr lás með meðfylgjandi lykli og setjið lokið svo upp.
2. Setjið báðar raflöðurnar inn í lokið. Gætið þess að skautin snúi rétt.
3. Setjið neðra lok þráðlausa stýrimótorsins hratt niður og læsið því með lyklinum.
3. Allar ljósdíóðurnar loga í stutta stund. Að því loknu hefst kvörðunarkeyrslan sjálfkrafa.
3. Ef þráðlausri tengingu stýrimótorsins hefur enn ekki verið komið á fer hann í neyðarstöðu (lokinn 30% opinn) þegar kvörðunarkeyrslunni lýkur.
3. Ef þráðlausri tengingu stýrimótorsins hefur verið komið á stýrir hann kyndingunni með tilgreindu óskhitastigi.



Truflun eftir að skipt er um raflöðu

Ef raflöðuhólfinu er ekki lokað nægilega hratt getur það gerst að kveikt og slökkt sé á fæðispennunni nokkrum sinnum í stutta stund í senn. Þetta getur valdið truflun í virkni þráðlausa stýrimótorsins. Ef þetta gerist skal opna raflöðuhólfið í um 1 mínútu og loka því svo hratt með einu handtaki.

Viðbrögð ef raflöðuspenna minnkar

Ef raflöðuspennan fer niður fyrir tilgreind mörk blikkar ljósdíóðan í miðjunni á 10 mínútna fresti eða þegar stutt er á annan hvorn hnappinn (ljósið blikkar 5 sinnum á 15 sekúndum). Þegar þetta gerist skal skipta um báðar raflöðurnar.

Ef merkið um að rafhlaða sé tóm var kallað fram handvirkt með því að stöðja á annan hvorn hnappinn birtist merkið ekki sjálfkrafa í 24 tíma.



Þráðlaus tengingin er áfram fyrir hendi

Þráðlaus tengingin er áfram fyrir hendi jafnvel þótt skipt sé um raflöðu.

Ef framkvæma á aðgerð (t.d. hliðrun á óskgildi) í ástandinu "Rafhlaða tóm" verður að biða eftir því að ljósin blikki áður en hægt er að framkvæma frekari aðgerðir með hnöppum.

Ef raflöðuspennan minnkar það mikið að ekki er lengur hægt að stýra hitastiginu fer þráðlaus stýrimótorinn í neyðarstöðu (lokinn 30% opinn). Þetta ástand er gefið til kynna með því að ljósdíóðan í miðjunni blikkar stöðugt með 3 sekúndna millibili.



Raflöður Hættur og upplýsingar um förgun

Haldið raflöðum frá börnum.

Takið gamlar raflöður strax úr og fargið þeim með viðeigandi hætti.



Takmarkað drægi

Í forritunarstillingu er drægi þráðlausa stýrimótorsins takmarkað við 5 metra.

1. Setjið þráðlausa stýrimótorinn í forritunarstillingu með því að halda rauða hnappinum inni í meira en 4 sekúndur.
3. Rauða ljósdíóðan efst blikkar: Verður þráðlausi stýrimótorinn þá í forritunarstillingu í u.þ.b. 1 mínútu.
2. Sendið tengiboð frá viðkomandi sendi (þráðlausa hitaskynjaramum eða þráðlausu stjórnstöðinni).
Sjá notkunarleiðbeiningar með þráðlausa sendinum.
3. Til staðfestingar á því að tengiboðin hafi verið móttækin og að þráðlausa tengingin hafi verið vistuð logar efsta ljósdíóðan á þráðlausa stýrimótornum stöðugt.
3. Forritunarstillingunni lýkur sjálfkrafa eftir um 1 mínútu en einnig er hægt að fara úr henni með því að styðja snögg á rauða hnappinn.



Fleiri en einn þráðlaus stýrimótor tengdur

Ef tengja á fleiri en einn þráðlausan stýrimótor verður að setja alla stýrimótora í tengistillingu áður en tengingin er sett af stað á þráðlausa sendinum.

Ef bæta á þráðlausum stýrimótor við hóp síðar verður fyrst að eyða út öllum þráðlausum tengingum og tengja svo alla þráðlausa stýrimótora í einu.



Nýr þráðlaus sendir tengdur

Þegar nýr þráðlaus sendir er tengdur er skrifað ofan í tenginguna sem fyrir er. Í þessu tilviki bregst þráðlausi stýrimótorinn aðeins við boðum frá þráðlausa sendinum sem síðast var tengdur.

Þráðlausi stýrimótorinn er í of mikilli fjarlægð frá sendinum fyrir tengingu

Ef setja á þráðlausa stýrimótorinn upp í meiri fjarlægð frá sendinum en nauðsynleg er fyrir tengingu (u.þ.b. 5 m) skal framkvæma tenginguna með eftirfarandi hætti:

1. Setjið rafhlöðurnar í áður en þráðlausi stýrimótorinn er settur á hitastillilokann.
3. Allar ljósdíóðurnar loga í stutta stund. Því næst framkvæmir þráðlausi stýrimótorinn nokkrar hreyfingar (kvörðunarkeyrsla).
2. Staðsetjið þráðlausa stýrimótorinn nálægt viðkomandi sendi og komið á tengingu.
3. Takið rafhlöðurnar úr þráðlausa stýrimótornum (þráðlausa tengingin verður áfram fyrir hendi).
4. Setjið þráðlausa stýrimótorinn á hitastillilokann.
5. Setjið rafhlöðurnar aftur í þráðlausa stýrimótorinn eftir um 1 mínútu.
3. Allar ljósdíóðurnar loga í stutta stund. Að því loknu hefst kvörðunarkeyrslan sjálfkrafa.



Kvörðunarkeyrslan verður að fara fram

Ef kvörðunarkeyrslan fer ekki fram að nýju skal taka rafhlöðurnar úr og setja þær aftur í eftir u.þ.b. 1 mínútu.

Ef þráðlausi stýrimótorinn er ekki kvarðaður á hitastillilokann er ekki hægt að stjórna hitastiginu með réttum hætti.

3. Þegar þessi aðferð er notuð getur verið að einhver töf verði á því að hitastýringin fari í gang eftir að tengingin fer fram, þar sem þráðlausi stýrimótorinn þarf einhvern tíma til þess að samstilla sig við þráðlausa sendinn eftir að skipt er um rafhlöður.

Þráðlausri tengingu eytt

1. Haldið rauða hnappinum inni í um 20 sekúndur.
- 3 Eftir um 4 sekúndur byrjar efsta rauða ljósdíóðan að blikka. Eftir 20 sekúndur verður blikkið að reglubundnu leiftri í um 6 sekúndur.
2. Á þessum 6 sekúndum skal sleppa rauða hnappinum í augnablik og styðja svo aftur á hann í um 1 sekúndu.
- 3 Á meðan eyðingin fer fram logar efsta rauða ljósdíóðan stöðugt. Þegar tengingunni hefur verið eytt er það gefið til kynna með því að efsta rauða ljósdíóðan blikkar hratt.
- 3 Ljósdíóðan hættir að blikka eftir um 1 mínútu eða þegar stutt er snögg á hnapp.



Eytt með því að endurtaka tengingu


Eins og á öðrum einingum Gira Funk-Bus-kerfisins er einnig hægt að eyða tengingu með því að tengja sama sendi að nýju.

Sýnt hversu mikið lokinn er opinn

Þessi eiginleiki sýnir stöðu þráðlausa stýrimótorsins á hverjum tíma. Hann getur til dæmis komið að notum þegar of kalt eða of heitt er í rýminu og jafna á raungildið út með spennudeilinum.

1. Upplýsingarnar eru birtar með því að halda báðum hnöppunum inni í einu í stutta stund.
- 3 Ljósdíóðurnar loga í um 3 sekúndur og sýna opunarhlutfall lokans þá stundina í prósentum.


Opunarhlutfall loka:



Raungildi jafnað út

Á spennudeili þráðlausa stýrimótorsins er hægt að hliðra mælda raunhitastiginu (u.þ.b. +6 til -2 Kelvin). Þetta getur til dæmis þurft að gera til þess að jafna út frávik í mælingum ef þráðlaus stýrimótorinn er á bak við hlíf eða gardínu.


1. Takið lokið úr lás með meðfylgjandi lykli og setjið það upp.
2. Breytið raungildinu á spennudeilinum í þá átt sem óskað er:
 - ef of heitt er í rýminu, þá í áttina –
 - ef völdu hitastigi er ekki náð, þá í áttina +
3. Setjið lok þráðlausa stýrimótorsins hratt niður og læsið honum með lyklinum.



Tenging fjarhitanema

Ef stýrimótorinn er settur upp á stað þar sem hann er hulinn (s.s. á bak við gluggatjöld eða klæðningu yfir ofni) getur verið að mælingar á hitastigi gefi ekki rétta niðurstöðu. Í slíkum tilvikum er ráðlegt að tengja fjarhitanema og staðsetja hann í nægilegri fjarlægð frá kyndingunni í herberginu.

1. Brjótið upp klemmuhlífina á bakhlið þráðlausa stýrimótorsins með litlu skruvíjarni.
2. Tengid svo leiðslu fjarhitanemans við klemmuna, sem nú er hægt að komast að.



Stýringu lokunarafls breytt


Við vissar aðstæður getur það gerst að verksmiðjustilling á stýringu lokunarafls nægi ekki til þess að loka ventlinum alveg. Þegar þetta gerist er hægt að breyta aðferðinni sem notuð er við greiningu á lokunarafli.

Um tvenns konar stýringar á lokunarafli er að ræða:

- **Stöðustýring:** Lokunarpunktarnir eru fundnir með kvörðunarkeyrslu og er þrýst um 0,4 mm (verksmiðjustilling).
- **Aflstýring:** Þráðlaus stýrimótorinn lokar hitastillilokanum þar til straumtakmörkunin slekkur.

Breytt er um stýringu á lokunarafli með eftirfarandi hætti:

1. Styðjið á báða hnappana til þess að sýna stöðu stýrimótorsins.
2. Á meðan upplýsingarnar eru birtar skal halda bláa hnappinum inni í meira en 3 sekúndur.
3. Sleppið hnappinum og styðjið á
 - rauða hnappinn fyrir stöðustýringu eða
 - bláa hnappinn fyrir aflstýringu.
3. Aðferðin sem stillt er á fyrir lokunarafl er gefin til kynna með efstu eða neðstu ljósdíóðunni.
3. Þegar stýringu lokunarafls hefur verið breytt framkvæmir þráðlaus stýrimótorinn kvörðunarkeyrslu.



Aðlögun hitastigs

Til þess að aðlaga hitastigið í herberginu er hægt að breyta óskgildi kyndingar á þráðlausa stýrimótornum um ± 2 K.


Aðlögun hitastigs sýnd

Til þess að sýna aðlögun hitastigs hverju sinni á stýrimótornum skal gera eftirfarandi:

1. Styðjið snögg á rauða hnappinn til þess að sýna stöðuna.
3. Aðlögun hitastigs þá stundina er þá sýnd í 3 sekúndur með ljósdíóðunum.

Hliðrun
óskgildis

+ 2K
+ 1K
0k
- 1K
- 2K




Aðlögun hitastigs stillt

Aðlögun hitastigs er stillt með eftirfarandi hætti.

1. Látið fyrst sýna aðlögun hitastigs þá stundina með því að styðja snögg á rauða hnappinn.
3. Aðlögun hitastigs þá stundina er þá sýnd í 3 sekúndur með ljósdíóðunum.
2. Á þessum 3 sekúndum skal styðja á
 - rauða hnappinn til þess að hækka óskhitastigið
 - bláa hnappinn til þess að lækka óskhitastigið.

Dæmi:

+ 22 °C
+ 21 °C
Óskhitast. 20 °C
+ 19 °C
+ 18 °C



Aðlögun hitastigs helst óbreytt

Aðlögun hitastigs (± 2 K) helst óbreytt jafnvel þótt óskhitastigi sé breytt (t.d. af dag- yfir á næturhita).


Greiningaraðgerð

Með greiningaraðgerðinni er hægt að kanna hversu oft þráðlaus stýrimótórin hefur móttekið þráðlaus merki frá tengda sendinum á tilgreindu tímabili.

Greiningaraðgerðin er sett af stað með eftirfarandi hætti:

1. Styðjið á báða hnappana til þess að sýna stöðu stýrimótorsins.
2. Styðjið snögg á rauða hnappinn á meðan upplýsingarnar eru sýndar.
3. Þráðlaus móttakan er gefin til kynna með rauðu ljósdíóðunum:
Ef öll þráðlausu merkin hafa verið móttekin með réttum hætti loga rauðu ljósdíóðurnar allar þrjár.

Ef þráðlausu merkin hafa til dæmis verið móttekin með réttum hætti á síðustu 24 tímum en engin merki voru móttekin í síðasta móttökuglugga, loga báðar neðri rauðu ljósdíóðurnar.



Virgni eftir endurtekna tengingu eða endurstillingu

Þegar þráðlaus stýrimótórin er tengdur að nýju eyðast út upplýsingar um móttekin þráðlaus boð.

Eftir endurstillingu loga allar rauðu ljósdíóðurnar, jafnvel þótt 8 eða 24 tímar séu enn ekki liðnir.




Notkun við slæm móttökuskilyrði

Þegar þráðlaus móttöku er ábótavant (t.d. ef rafmagnið fer af sendinum) er hitastýringin áfram á síðasta óskgildi sem var móttekið.

Loftnetið leitt út

Ef drægi þráðlausu stýrimótorsins nægir ekki skal leiða loftnet hans út.

1. Takið neðra lokið úr lás með meðfylgjandi lykli og setjið það upp.
2. Sést þá samanvafið loftnetið (hvítur kapall með svörtum enda).
3. Vefjið loftnetið af og leiðið það út í gegnum litla opið á lokinu.
4. Setjið lok þráðlausu stýrimótorsins niður og læsið því með lyklinum.



Ekki má nota millimagnara

Ekki er hægt að nota millimagnara þar sem boðskipti milli þráðlausu stýrimótorsins og þráðlausu hitaskynjarans eru samstillt.

Upplýsingar um þráðlausa notkun

Þráðlausu sendingarnar fara ekki um lokaða leið og er því ekki hægt að útiloka truflanir.

Þráðlausar sendingar henta ekki fyrir öryggisbúnað á borð við neyðarstopp eða neyðarkall.

Drægi þráðlausra senda (hám. 100 m án hindrana) fer eftir eiginleikum byggingarinnar:

Þurrt efni	Í gegn
Viður, gifs, gifsplötur	u.þ.b. 90%
Múrsteinar, spónaplötur	u.þ.b. 70%
Styrkt steinsteypa	u.þ.b. 30%
Málmur, málmgrindur, álþynnur	u.þ.b. 10%

Þráðlausar sendingar

- Samtenging þessa þráðlausa búnaðar við önnur fjarskiptakerfi er einungis heimil að því marki sem lög í hverju landi leyfa.
- Ekki má nota þennan þráðlausa búnað til fjarskipta sem ná yfir lóðamörk.
- Sé búnaðurinn notaður með réttum hætti uppfyllir hann kröfur tilskipunar 1999/5/EB um þráðlausan búnað og endabúnað til fjarskipta. Ítarlega samræmisýfirlýsingu má nálgast á vefslóðinni: www.gira.de/konformitaet.

Notkun þráðlausa stýrimótorsins er leyfð í öllum aðildarríkjum ESB og EFTA.

Tæknilýsing

Spennugjafi:	3 V
Rafhlöður:	2 x 1,5 V Mignon LR06 (AA), 2600 mAh
Hreyfisvið loka:	7,5 mm
Hreyfiafl:	80 N
Lengd leiðslu fjarhitanema:	hám. 3 m
Læsingarvörn:	1 keyrsla á viku
Hitastig vökva:	hám. 100 °C
Mál:	(B x H x D) 51 x 80 x 60 mm

Ábyrgð

Ábyrgð er veitt samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast sendið tækið án burðargjalds til þjónustumiðstöðvar okkar ásamt lýsingu á biluninni:

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Service Center
Dahlienstraße 12
D-42477 Radevormwald

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Postfach 1220
D-42461 Radevormwald
Sími: +49 (0) 2195 / 602 - 0
Fax: +49 (0) 2195 / 602 - 339
Vefslóð: www.gira.com

GIRA